

Kirkjuþing 2022-2023

7. mál – þskj. 43

Nefndarálit og breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um breytingu á Vímuvarnarstefnu Þjóðkirkjunnar.

Frá allsherjarnefnd.

Frsm. Eva Björk Valdimarsdóttir.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið.

Á fund allsherjarnefndar kom Ragnhildur Benediktsdóttir, skrifstofustjóri kirkjuþings.

Allsherjarnefnd telur að ekki sé rétt að vísa til kjarasamnings Prestafélags Íslands og Þjóðkirkjunnar þar sem IV. kafli Vímuvarnastefnunnar fjallar um vígða þjóna, prests- og djáknaefni og starfsfólk Þjóðkirkjunnar. Nefndin gerir ráð fyrir því að farið sé eftir kjarasamningum þegar tiltal er veitt.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu á þingsályktunartillögunni sem hljóði þá svo:

Benda starfsmanni á meðferðarúrræði og jafnframt að skrá atferli hans og veita skriflegt tiltal eða áminna starfsmann ef við á. Ef starfsmaður bætir ekki ráð sitt má gera ráð fyrir að honum verði sagt upp störfum.

Reykjavík, 25. október 2022.

Allsherjarnefnd.

Auður Thorberg

Axel Árnason Njarðvík

Áslaug Kristjánsdóttir

Benjamín Hrafn Böðvarsson

Eva Björk Valdimarsdóttir

Hjörleifur Þórarinsson

Jónína Rós Guðmundsdóttir

Ólafur Gestur Rafnsson

Rúnar Vilhjálmsson

Þuríður Björg Wium Árnadóttir, form.